# REGLUGERÐ

**um umdæmi sýslumanna.**

1. gr.

Landinu er skipt í níu umdæmi sýslumanna. Eiga sveitarfélög undir hvert þeirra, sem hér segir:

1. *Umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu:*
   Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsbær.
   Aðalskrifstofa: Höfuðborgarsvæðið.
   Sýsluskrifstofur og önnur útibú: Samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni eftir tillögu sýslumanns.
2. *Umdæmi sýslumannsins á Vesturlandi:*
   Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, ~~Helgafellssveit,~~ Sveitarfélagið ~~Stykkishólmsbær~~ Stykkishólmur og Dalabyggð.
   Aðalskrifstofa: Stykkishólmur.
   Sýsluskrifstofur: Akranes, Borgarnes.
   Önnur útibú: Snæfellsbær, Búðardalur.
3. *Umdæmi sýslumannsins á Vestfjörðum:*
   Reykhólahreppur, Vesturbyggð~~, Tálknafjarðarhreppur~~, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.
   Aðalskrifstofa: Patreksfjörður.
   Sýsluskrifstofa: Ísafjörður.
   Annað útibú: Hólmavík.
4. *Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi vestra:*
   Húnabyggð, Húnaþing vestra, ~~Húnavatnshreppur, Blönduósbær,~~ Sveitarfélagið Skagaströnd~~,~~ ~~Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður~~ og ~~Akrahreppur.~~
   ~~Aðalskrifstofa~~ Skagafjörður.Aðalskrifstofa: Blönduós.
   Sýsluskrifstofa: Sauðárkrókur.
5. *Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi eystra:*
   Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.
   Aðalskrifstofa: Húsavík.
   Sýsluskrifstofur: Akureyri, Siglufjörður.
   ~~Annað~~ Önnur útibú: Dalvík og Þórshöfn.
6. *Umdæmi sýslumannsins á Austurlandi:*
   Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.
   Aðalskrifstofa: Seyðisfjörður.
   Sýsluskrifstofur: Egilsstaðir, Eskifjörður.
   Annað útibú: Vopnafjörður.
7. *Umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi:*
   Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.
   Aðalskrifstofa: Selfoss.
   Sýsluskrifstofa: Höfn.
   Önnur útibú: Hvolsvöllur, Vík.
8. *Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum:*
   Vestmannaeyjabær.
   Aðalskrifstofa: Vestmannaeyjabær.

9. *Umdæmi sýslumannsins á Suðurnesjum:*
   Grindavíkurbær, ~~Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður~~ Suðurnesjabær, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar.
   Aðalskrifstofa: Reykjanesbær.
   Annað útibú: Grindavík.

2. gr.

Ef mörk milli umdæma sýslumanna eru óskýr, svo sem á hálendinu, ákveður ráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar.

Á sama hátt ákveður ráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar ef það getur af einhverjum ástæðum átt undir fleiri en einn sýslumann.

3. gr.

Á aðalskrifstofu sýslumanns og öðrum sýsluskrifstofum er veitt öll sú þjónusta sem sýslumönnum ber að veita samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Í útibúum er veitt þjónusta á tilteknum tímum eftir því sem sýslumaður ákveður. Sýslumaður getur átt samstarf við sveitarfélag um þjónustu útibús í sveitarfélaginu, enda felist ekki í því framsal á framkvæmd lögbundinna embættisverka sýslumanna.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. og 9. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, öðlast gildi 1. janúar 2015. Fellur þá úr gildi reglugerð nr. 66/2007 um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra, með áorðnum breytingum.

**Fyrirvari**
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.